

**VIÐAUKI  
VIÐ ÚRSKURÐ  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 3/2022**

**Geitdalsafrétt, sunnanverður  
Skriðdalshreppur og Breiðdalur**



**8. maí 2025**



---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 8. maí 2025 er tekið fyrir endurupptekið mál nr. 3/2022, Gilsárdalsafrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Hulda Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Sigmar Aron Ómarsson.

Aðilar máls eru:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendra.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmennt.)

Múlaping vegna Geitdalsafreittar.

Björn Björgvinsson, Unnur Björgvinsdóttir, Baldur Björgvinsson og Ingibjörg Björgvinsdóttir vegna Höskuldsstaðasels í Breiðdal.

(Jón Jónsson lögmaður.)

Sólmundur Már Jónsson, Ágúst Már Jónsson, Magnús Björn Jónsson, Björn Már Jónsson, Guðrún Rós Jónsdóttir, Ívar Björgvinsson og Ellert Már Jónsson vegna Vatnsskóga í Skriðdal.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

## 2 MÁL NR. 3/2022 ENDURUPPTEKIÐ

Úrskurður í máli nr. 3/2022, Gilsárdalsafrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur, var kveðinn upp 5. nóvember 2024. Þar var úrskurðað um kröfur gagnaðila íslenska ríkisins um greiðslu málskostnaðar skv. 17. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Vegna takmarkaðra fjárheimilda óbyggðanefndar var þó einungis úrskurðað um hluta af málskostnaðinum. Ákvörðun um málskostnað að öðru leyti var frestað og boðað að málið yrði endurupptekið í byrjun árs 2025 í því skyni að úrskurða um það sem eftir stæði, sbr. kafla 7.5 í úrskurðinum og viðauka II við hann.

Vegna takmarkaðra fjárheimilda óbyggðanefndar á árinu 2025 og vegna óvissu um fjárveitingu til að standa straum af þeim málskostnaði sem eftir stóð í málinu hefur endurupptaka málsins í þessu skyni dregist.

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu, til viðbótar við málskostnað sem þegar hefur verið úrskurðaður. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Einnig er við mat á fjárhæð kostnaðar litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt

---

endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til. Þá hefur verið tekið tillit til þess dráttar sem orðið hefur á úrskurði um eftirstöðvar málskostnaðar frá því að efnisúrskurður í málinu var kveðinn upp. Í samræmi við framangreint er gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður sem hér segir.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra, til viðbótar við málskostnað sem þegar hefur verið úrskurðaður, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

- Múlaþing vegna Geitdalsafréttar: 1.000.000 kr.
- Björn Björgvinsson, Unnur Björgvinsdóttir, Baldur Björgvinsson og Ingibjörg Björgvinsdóttir vegna Höskuldsstaðasels: 800.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Sólmundur Már Jónsson, Ágúst Már Jónsson, Magnús Björn Jónsson, Björn Már Jónsson, Guðrún Rós Jónsdóttir, Ívar Björgvinsson og Ellert Már Jónsson vegna Vatnsskóga: 1.000.000 kr.

---

Hulda Árnadóttir

---

Allan Vagn Magnússon

---

Sigmar Aron Ómarsson